



Allsherjarnefnd Alþingis
Alþingi
150 Reykjavík


Reykjavík, 18. febrúar 2002

Vísað er til bréfs háttvirtrar allsherjarnefndar, dags. 13.þ.m., þar sem óskað er eftir umsögn Biskupsstofu um frumvarp til laga um kirkju- og manntalsbækur, 372. mál, kostnaður.

Frumvarp þetta hefur ekki hlotið umfjöllun Kirkjubings svo sem lögskýlt er, sbr. 4. mgr. 23. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997. Þegar af þeirri ástæðu getur það vart hlotið frekari umfjöllun Alþingis fyrr en úr því hefur verið bætt.

Þá þykir rétt að taka fram að eðlilegt þykir að ríkið greiði áfram kostnað vegna kirkju – og manntalsbóka eins og verið hefur frá gildistöku laga nr. 3/1945, enda miklir almannahagsmunir í húfi. Bent skal á að öll vinna sem innt er af hendi við skráningu og færslur í nefndar bækur og aðra umsýslu því tengda, er innt af hendi af starfsmönnum kirkjunnar og er ríkinu að kostnaðarlausu. Þykir óeðlilegt og ósanngjarnt að skylda Þjóðkirkjuna og önnur trúfélög til að greiða frekari kostnað af verkefnum af þessu tagi. Einnig skal bent á að ekki er skilgreint hver beri eftirleiðis ábyrgð á málaflokknum, gerð bókanna og umsýslu allri í því sambandi, en það hlýtur að koma til skoðunar þegar skyldu til greiðslu kostnaðar er breytt. Frumvarpinu er því mótmælt af þessum sökum.

Virðingarfyllst, f.h. Kirkjuráðs


Guðmundur Þór Guðmundsson
Framkvæmdastjóri Kirkjuráðs

Alþingi
Erindi nr. P 127/1206
komudagur 13 3 2002


Reykjavík, 8. mars 2002

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um kirkju- og manntalsbækur nr. 3 12. janúar 1945.

Fh. Hvítasunnukirkjunnar Fíladelfíu í Reykjavík, svo og allra Hvítasunnukirkna á Íslandi mótmæli ég þessu frumvarpi. Hér er verið að leggja byrðar á litla söfnuði með lítinn fjárhag. Nýlega var samþykkt að lækka sóknargjöld til kirknanna, eða öllu heldur að láta hækkunina 8-9% ekki renna til safnaðanna og er það miður. Hvítasunnukirkjan á Íslandi hefur unnið mjög gott starf og sparað ríkinu margar krónurnar í aðhlyningu og hjálp til þeirra sem erfitt eiga og minna mega sín. Margir leita til okkar kirkju og fá hjálp og uppbyggingu til anda, sálar og líkama. Flest allt starf sem rekið er í kirkjunni okkar er unnið af sjálfboðaliðum og af frjálssu framlagi. Það er því ekki réttmætt að leggja enn frekari byrðar á þessa söfnuði og því mótmælum við harðlega þessu frumvarpi.

Virðingarfyllst,



Vörður Leifur Traustason

Forstöðumaður Hvítasunnukirkjunnar
Fíladelfíu í Reykjavík.



Fíladelfía

Alþingi
Erindi nr. P 127/856

komudagur 25.2.2002

Leikmannastefna íslensku þjóðkirkjunnar

c/o Helgi K. Hjálmsón, viðskiptafræðingur
Smáraflöt 24
210 Garðabæ.

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík.

Garðabæ 23. febrúar 2002.

Varðandi frumvarp til laga um kirkju- og manntalsbækur, 372 mál.

Leikmannaráð þjóðkirkjunnar fjallaði um frumvarp til laga um breyting á lögum um kirkju- og manntalsbækur, nr. 3 12. janúar 1945, á fundi sínum.


Leikmannaráð telur eðlilegt að rikissjóður beri sjálfur kostnað af prentun og hönnun bóka, sem gerðar eru með þarfir almennaskráningar í huga.

Í ljósi þessa mótmælir leikmannaráð þjóðkirkjunnar breytingu þeirri sem fram kemur í frumvarpinu á 4. málsl. 2. gr. laganna.

Virðingarfyllst,

fh. Leikmannaráðs

Helgi K. Hjálmsón, formaður.



Alþingi
Erindi nr. P 127/1086
komudagur 8.3. 2002

Allsherjarnefnd Alþingis
Alþingi

Reykjavík, 7.mars 2002

Athugasemdir vegna frumvarps til laga um kirkju- og manntalsbækur, 372. mál.

Stjórn Prestafélags Íslands þykir afar óeðlilegt að kirkjur og trúfélög eigi að taka yfir að greiða kostnað við kirkjubækur eins og þetta frumvarp leggur til. Skráning þessi tengist mjög almannahagsmunum og því er mikilvægt að hið opinbera tryggi festu í færslu þessara bóka með því að leggja þær til, og hafa þannig umsjón með hvernig þær eru útbúnar. Bent skal á að hið opinbera þarf engan kostnað að greiða vegna færslu bókana - en hefur sannarlega hag af þeim.

Þetta frumvarp kemur mjög á óvart enda hefur það ekki hlotið umfjöllun kirkjubings eins og stjórn Prestafélags Íslands telur að þurfi skv. lögum.

Virðingarfyllt

Jón Helgi Þórarinsson
formaður Prestafélags Íslands